# REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir vörumerki o. fl.**

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist: kr.

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn ........................... 2 650
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn ...................... 650

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn ........................... 2 650
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn ...................... 650

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn ........................... 5 000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn ...................... 650

4. gr.

Önnur gjöld eru:

a) Innritun í vörumerkjaskrá ......................................... 500
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá .................... 350
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til ........................................ 350
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969 ........................................ 500

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 ........... 11 200

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld, skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 470, 17. desember 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*